

VATNAMÆLINGAR

J. L. Skulagó.

-frummi-

Snjóleysing á Glámu

Sumarið 1952 var snjóleysing mæld á Glámu. Vatnsmælingamaður raforkumálastj., Sigurjón Rist, mældi eðlisþunga snævarins á Glámu 6. júní og setti niður stangir. Ofan við 500 m hæð hafði vorleysingar gætt mjög lítið, snjór hafði sigið, en ekki leyst til muna. Landmælingaflokkur raforkumálastj., sem vann við Dynjanda, skráði leysinguna.

Hæð y.s. m	Leysing snjólags (í cm) frá 6. júní til ...			
	9. júlí	1. ágúst	9. ágúst	27. ágúst
1. 900	52	169		270
2. 850	77	165		245
3. 700	103	208		307
4. 360	180	348	398	

Nr. 1 var í fjallstopnum í ofurlitlum slakka suðaustan við hæstu bunguna. Nr. 2 í jökulskafli móti vestri. Nr. 3 í skaflinum, þar er hallinn minni, en við nr. 2. Stöð nr. 4 í skaflimóti vestri norðan við Eyjavatn. Eðlisþunginn 6. júní var 0,45 til 0,50.

Snjóleysing á Glámu.

Undirritaður (S.Rist) kom fyrir fimm mælistikum á Glámusvæðinu þ. 6. júní 1952 til að sýna snjóleysingu sumarið 1952.

Ofan við 500 m hæð hafði vorleysingar gætt mjög lítið, snjór hafði sigið, en ekki leyzt til muna.

Stangir voru settar niður sem hér segir:

<u>Stöng nr.</u>	<u>Staður</u>
1.	Gláma, neðst í aðaljöklinum
2.	" ofarlega "
3.	" í lægð milli tinda }
4.	í löngum skafli milli Eyjavatns og Svinár
5.	í skafli bak við Borgarbæ.

sjá mynd vatnamælinga
nr. 17/11

Stöng nr. 1 er 2 m að lengd og toppur 50 cm undir yfirborði snævarins

" " 2 " " " "

" " 3 " " " "

" " 4 " " " " og toppur 50 cm undir yfirborði snævarins

" " 5 " 2,6 m "

Eðlisbungi snævarins hjá Borg var 0,5. Snjórinn var rakur.

Eðlisþ. snævarins á Glámu var 0,4. Þar var 10 cm nýr snjór frá 4.-5. júní, þá 50 cm hjarnlag og svo þurr, en þéttur snjór. Mælt var með norsku snjómælingatækjunum.

Pórður Ólafsson, þáverandi bóndi á Borg, athugar daglega leysinguna hjá stöng nr. 5.

Askilegt er að landmælingamenn raforkumálastjóra á Dynjanda- og Mjólkársvæðinu mæli leysinguna hjá stöngunum hálfsmánaðarlega.

Mælt er með centimetramáli frá stangartopp að snjóyfirborði.

Pegar mikil leysing hefur átt sér stað og nokkur hluti stanganna er upp úr snjónum, skulu þær reknar niður á ný, svo að þær nemi við yfirborð snævarins.

Allar mælingar og athugasemdir óskast skráðar samstundis í mælingabækur leiðangursins.

2. júlí, 1952.

S.Rist (sign.).



Film 17/1

6. júní 1952